

## 82. Stjórnarfundur Fenúr.

29. nóvember 2005

**Mætt:**

Elías Ólafsson,

Ragna Halldórsdóttir,

Björn Halldórsson,

Pétur Bjarnason,

Helga J. Bjarnadóttir

Úlfar Haraldsson

**Staður og stund;** Súðarvogur, kl. 15:00

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Frestað til næsta fundar.

### 2. Aðalfundur ISWA 2005 í Argentínu

EÓ fór yfir Argentínuferðina ISWA 2005 General Assembly haldin 6. nóvember. EÓ ætlar taka saman "helstið" úr ferðinni og birta það í fréttablaði FENUR sem verður gefið út til félaga jafnframt verður eintak sent til Umhverfissráðuneytis, sem styrkti ferðina. EÓ lagði til að FENUR héldi áfram að vera meðlimur í ISWA. Kostnaður við ferðina:

FENUR: 150.000

Umhverfissráðuneytið styrku: 100.000

Allan annan kostnað borgaði Gámaþjónustan.

### 3. NAF 14 des.

BH sagði frá fundi sem haldin verður 14. des. í Malmö, Svíþjóð á vegum NAF. Þar þarf að ræða hvort Ísland falli undir sömu kröfur og eru gerðar á margfalt stærri þjóðir. EÓ taldi að BH ætti að fara og vera fulltrúi FENUR þar.

### 4. Fenúr kvöldverður.

EÓ rifjaði upp kvöldfund sem haldinn var fyrir 1-2 árum og tókst vel og kom með fyrirspurn hvort það væri efni í kvöldfund að fjalla um liti á öskutunnum. Rætt var um tímasetningu á kvöldfundi og var desembermánuður sleginn af. Tillaga að dagsetningu var 18. – 19. jan. EÓ ætlar að ræða málið við Guðmund Tryggva.

### 5. Önnur mál

RH kom með tillögu að dagsetningu fyrir aðalfund FENUR, 3. eða 10. mars 2006.

Finna þyrfti þema ráðstefnunnar.

EÓ minntist á það að hans tími sem formaður færi að líða undir lok og kominn tími til að finna annan í hans stað.

BH minntist á aðalfund ISWA 1.-5. okt. sem verður haldin í Danmörku.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

Fundargerð ritaði: Úlfar